

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 13. okt. 2016, kl: 17:30. Fundur nr. 764.
Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Sigrún, Sigurður Þorgerður og Þorsteinn. Forföll boðuðu: Guðrún og Elvar.

- 1) Formaður setti fund kl: 17:35.
- 2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a) Bréf dagsett, 21. sept. frá ÍSÍ: Þar sem fram kemur að ÍSÍ muni skipa vinnuhóp og leita til alþjóðlegra fagmanna vegna afreksmála. Lagt fram til kynningar.
 - b) Bréf dagsett, 30. sept. frá UMFÍ: 40. sambandsráðsfundur UMFÍ seinna fundarboð. Lagt fram til kynningar. Formaður UMSE mun sitja fundinn.
 - c) Bréf dagsett, 6. okt. frá ÍSÍ: Íþróttavísindaráðstefnan „Frá unglingi til afreksmanns“ haldin 13.-15. okt. í Laugardalshöll. Lagt fram til kynningar.
 - d) Bréf dagsett, 7. okt. frá FRÍ: Formannafundur FRÍ 5. nóv 2016. Lagt fram til kynningar.
 - e) Bréf dagsett, 11. okt. frá ÍSÍ: Formannafundur ÍSÍ, 11. nóv. 2016. Lagt fram til kynningar.
 - f) Bréf dagsett, 12. okt. frá UMFÍ: Stefna UMFÍ 2016. Lagt fram til kynningar.
- 4) Styrkveitingar:
 - a) Ferðastyrkir.
 - i) Skíðafélag Dalvíkur vegna æfingaferðar innanlands.
 - (1) Axel Reyur Rúnarsson
 - (2) Jökull Þorri Helgason
 - (3) Daníel Máni Hjaltason
 - (4) Styrmir Þeyr Traustason
 - (5) Ásrún Jana Ásgeirsdóttir
 - (6) Guðfinna Eir Þorleifsdóttir
 - (7) Lovísa Rut Aðalsteinsdóttir
 - (8) Guðni Berg Einarsson
 - (9) Helgi Halldórsson
 - (10) Krístrún Lilja Sveinsdóttir
 - (11) Valgerður Marína Júlíusdóttir
 - (12) Stefán Daðason
 - (13) Birgir Ingvarsson
 - (14) Daníel Rosazza
 - (15) Verónikka Jana Ólafsdóttir
 - (16) Brynjólfur Máni Sveinsson
 - (17) Ástrós Ásgeirsdóttir

Umsókn Skíðafélags Dalvíkur vegna æfingarferðar innanlands hafnað á þeirri forsendu að UMSE hefur ekki styrkt æfingaferðir innanlands.

- b) Einstaklingsumsóknir: Vegna keppnis - eða æfingaferða.

Stjórn UMSE fór yfir þær umsóknir sem bárust og var úthlutun svo hljóðandi.

 - i) Axel Reyur Rúnarsson, vegna keppnisferða innanlands og erlendis kr: 20.000 -
 - ii) Ásrún Jana Ásgeirsdóttir, vegna keppnisferða innanlands. Umsókn hafnað á þeirri forsendu að keppnin er haldinn innan Eyjafjarðar.
 - iii) Trausti Freyr Sigurðarson, vegna keppnisferða innanlands kr: 15.000 -
Sigurður vék af fundi undir þessum lið.
Alls samþykkt að úthluta 35.000 kr. í ferðastyrki í þessari úthlutun.

- c) Umsóknir í Landsmótssjóð UMSE
 - i) Skíðafélag Dalvíkur, vegna kaupa á tækniúnaði til þjálfunar.
 - ii) Skíðafélag Dalvíkur, börn á grunnskólaaldri í Dalvíkurbyggð frítt á skíði.
 - iii) Ungmennasamband Eyjafjarðar, frágangur sögulegra gagna og skönnun mynda.
Lagt fram til kynningar.
- 5) Stefnur UMSE.
 - a) Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri hefur sent til baka gögnin varðandi stefnur UMSE með smávægilegum athugasemdum sem snúa aðalega að orðalagi.
 - b) Forvarnar- og fræðslustefna
 - c) Jafnréttisstefna
 - d) Umhverfisstefna
 - e) Félagsmálastefna
Stjórnarmenn fóru yfir stefnur UMSE og lagfærðu í samræmi við athugasemdir Viðars.
 - f) Næstu skref í aðgerðaráætlun UMSE.
 - i) Framkvæmdastjóri upplýsti að framundan væru fundir með skólastjórnendum. Þar sem ræddur verður sá möguleiki að koma á íþróttamótum á milli grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu.
 - ii) Hvaða punkta getum UMSE lagt fram og hvaða sýn höfum við á framkvæmd svona íþróttamóts? Ýmsar hugmyndir ræddar. Samþykkt að framkvæmdastjóri setji sig í samband við skólastjórnendur.
- 6) Varðveisla sögulegra gagna.
 - a) Framkvæmdastjóri upplýsti að Guðmundur Steindórsson muni að öllum líkindum hefja vinnu við að fara í gegnum gögn vegna sögu UMSE í byrjun nóvember 2016.
 - b) Blindravinnustofunni hefur verið tilkynnt að UMSE gangi að tilboði þeirra vegna myndvinnslu. Framkvæmdastjóri mun koma myndunum til þeirra á næstu dögum.
- 7) Fertugasti sambandsráðsfundur UMFÍ verður haldinn að Laugum í Sælingsdal 14. – 15. október.
- 8) Önnur mál.
 - a) Rætt um fundartíma stjórnar UMSE í vetur. Samþykkt að haldnir verði fundir fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl: 17:30.
Sigrún tekur að sér að senda tölvupóst á stjórnarmenn varðandi jólahlaðborð UMSE, sem er fyrirhugað 25. nóv.
Einar sagði frá því að gallar UMSE væru komnir í Topp menn og Sport.
Einar sagði frá því að knattspyrnufélag UMSE stefndi að því að halda innanhússmót í knattspyrnu á Hrafnagili sunnudaginn 16. okt.
- 9) Næsti fundur ákveðinn 8. nóvember kl: 17:30. Sigurður kemur með veitingar, eða Þorgerður.
- 10) Fundi slitið kl: 19:16.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

